

L Ö G

um afnám laga nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 3. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði laganna er sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað, enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn, búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu. Um heimild til veiða og löndunar fer þá eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum, sem ráðherra er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.